

M-12/2009. Álit 29. apríl 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, f.h. húsfélagsins A, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna uppgjörs á kaupum á bílskúrshurð hjá Y fyrir húsfélagið. Húsfélagið greiddi 15. september 2008 Y kr. 105.000 eða sem álitsbeiðandi segir hafa verið 25% af verði hurðarinnar samkvæmt tilboði verslunarinnar. Endanlegt verð bílskúrshurðarinnar var kr. 601.012 og 25% af því kr. 150.253. Ágreiningur aðila snýst þannig um það hvort húsfélagið eigi að greiða sem 25% af verðinu kr. 45.253 til viðbótar kr. 105.000 eða samtals kr. 150.253. Samkvæmt viðtali formanns nefndarinnar við X er ekki ágreiningur um greiðslu kaupverðsins að öðru leyti. Í álitsbeiðni er og þess óskað að úr því verði skorið hvort hægt sé að rifta kaupunum verði ekki fallist á kröfu álitsbeiðanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. febrúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 10. mars. Lögmaður Y óskaði eftir lengri fresti sem var veittur og bárust andsvör hans 13. mars. Með bréfi, dags. 16. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 26. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 1. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að 15. september 2008 hafi verið gengið að uppreiknuðu tilboði Y í bílskúrshurðina og greitt 25% af því verði sem þar var tilgreint. Í tölvupósti frá Y til álitsbeiðanda frá 20. ágúst segir að verslunin þurfi að fá 25% staðfestingargjald frá húsfélaginu áður en hurðin verði pöntuð.

Álitsbeiðandi segir að 28. janúar 2009 hafi Y tilkynnt að uppreiknað verð hurðarinnar væri kr. 601.012 og að greiðsla húsfélagsins kr. 105.000 komi því verði til frádráttar en ekki sem 25% af lokaverðinu kr. 601.012. Ágreiningur aðila snúist því um að greiðslan kr. 105.000 komi sem greiðsla á 25% af lokaverði en upphæðin verði ekki reiknuð sem frádráttur frá lokaverðinu. Fjórðungur af lokaverðinu kr. 601.012 er kr. 150.253 en þá fjárhæð telur álitsbeiðandi sig hafa greitt með 105.000. Ágreiningurinn horfir þannig við kæruneftndinni að hann varði það hvort álitsbeiðandi á að greiða kr. 45.253 til viðbótar, þ.e. kr. 150.253 – 105.000 = 45.253 og fékk formaður nefndarinnar staðfestingu á því hjá álitsbeiðanda í símtali. Er þessum ágreiningi reyndar lýst í I. kafla álitsins.

IV

Úr gögnum málsins

Í tilboði Y frá 13. júlí 2007 er varðar sérpantaða iðnaðarhurð segir eftirfarandi: „Áætlað efnismagn. Afhending er háð lagerstöðu á hverjum tíma. Sérpantanir eru háðar óbreyttu gengi ISK. Tilboðið er háð óbreyttum verðlista Y.“ Þá segir að verð hurðarinnar sé kr. 199.118.

Í tölvupósti frá Y til álitsbeiðanda frá 9. júní 2008 segir m.a.: „áður en við pöntum hurðina þurfum við að fá 25% staðfestingargjald.“

Fulltrúi húsfélagsins segir í tölvupósti til Y 19. september 2008 að hann þurfi að halda húsfund vegna hurðarinnar og spyr: „get ég miðað við 450.000 ca. ???“ . Y svarar samdægurs og segir: „Já það ætti að vera í lagi ? um gengisþróun.“

V

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum lögmanns seljanda er fyrst lýst því umróti sem hefur verið í efnahagslífinu hér á landi á síðustu tímum og þeim vanda sem það hefur skapað. Því er og lýst að nokkurn tíma geti tekið að frá framleidda og afgreidda sérpantaða vöru erlendis frá. Af þeim ástæðum sé eðlilegt að innflytjendur geri áskilnað um að verð sé háð gengi íslenskrar krónu. Þá segir orðrétt í andmælunum:

„Innflytjendur vilja einnig tryggja sig fyrir pöntunum, þannig að kaupandi greiði inn á pöntun, til að tryggja efnidir greiðslu. Sagan hefur kennt ísl. innflytjendum að krefjast ábyrgðar, eða innborgunar. Hefur þetta þróast á þennan veginn í ljósi þeirrar reynslu að kaupendur hafa horfið frá kaupum, eftir að sérpöntuð vara er komin til landsins, en þegar á reynir hefur áhugi kaupanda minnkað, og innflytjandi oft setið eftir með sérpantaða vöru, óseljanlega öðrum en upphaflegum kaupanda. Þetta er ástæðan fyrir því að krafist er innborgunar á sérpantaða vöru. Y telur því að innborgun sú sem greidd var inn á pöntun sé eðlileg, þannig að greiðslan sé ákveðin í ísl. krónum við innborgun. Ekki er hægt að kaupa gjaldeyri fyrir þessum hluta, þar sem vörureikningur liggur ekki fyrir. Y hefur í þeim tilvikum sem komið hafa upp síðustu mánuði, og vara hefur hækkað um tugi prósentu vegna gengisþróunar, afsalað sér álagningu, ekki reiknað gengishækkun á flutningskostnað, ef flutningsaðili hefur ekki gengistryggt flutning gagnvart Y. Y, eins og aðrir innflytjendur, geta ekki leyst út gjaldeyri fyrir en vörureikningur berst til landsins, um leið og varan kemur til landsins. Því er ljóst að innflytjandi er sá aðili sem greiðir endanlegan vörureikning skv. því gengi sem er í gildi þegar varan kemur til landsins. Ekki er hægt að kaupa gjaldeyri fyrir þeim hluta sem innborgunargreiðslu nemur, þar sem vörureikningur liggur ekki fyrir, eins og áður segir.

[...]

Y er í máli þessu tilbúin að koma til móts við kaupanda, þannig að gengishækkun taki ekki til álagningarhluta og flutningshluta reikningsins. Y var ekki annar kostur en að innleysa vöruna úr tolli, á því gengi sem reiknað var af ísl. yfirvöldum á þeim tíma sem varan kom til landsins. Y er reiðubúin til að taka á sig þann hluta sem að álagningu og flutningshluta snýr, en telur að kaupandi verði að bera áhættuna að gengisþróun að öðru leyti.“

VI

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna.

Af gögnum málsins má telja ljóst að samningar aðila hafa staðið í nokkurn tíma en svo er að sjá að Y hafi gert formlegt tilboð 13. júlí 2007 og hafi bílskúrshurðin átt að kosta kr. 199.118 á þeim tíma. Þá er álitsbeiðanda tilkynnt að sérpantanir, eins og hér mun vera um að ræða, séu háðar óbreyttu gengi ISK, og mátti því gera ráð fyrir að verð hækkaði við lækkun gengis krónunnar eins og raunin varð og öfugt hefði gengið hækkað.

Í tölvupósti frá Y til álitsbeiðanda 11. ágúst 2008 segir að uppreiknað verð samkvæmt tilboði og með aukaafslætti frá framleiðanda sé í dag miðað við gengi á evru hjá Seðlabanka Íslands kr. 379.126 án uppsetningar.

Hinn 19. september 2008 spyr álitsbeiðandi að því hvort miða megi við að hurðin kosti ca 450.000 og Y. svarar því að það ætti að vera í lagi en spurning sé um gengisþróun.

Að sögn álitsbeiðanda var gengið að uppreiknuðu tilboði Y 15. september 2008, þá greiddar kr. 105.000 af verðinu en 28. janúar 2009 hafi verðið komið í kr. 601.012. Verð á hurðinni hefur því farið síhækkandi vegna gengisbreytinga eftir því sem tíminn leið og var álitsbeiðanda kunnugt um það.

Í andsvörum lögmanns Y kemur fram að fyrir þá greiðslu sem húsfélagið greiddi 15. september 2008 hafi ekki verið hægt að kaupa gjaldeyri þar sem bíða hafi þurft eftir að hurðin og vörureikningur fyrir henni bærust til landsins til þess að hægt væri að kaupa gjaldeyrinn. Með það sem að framan segir í huga er það álit meiri hluta kærunefndarinnar að við þær aðstæður sem ríktu frá því að tilboð var upphaflega gert þar til hurðin var tilbúin til afhendingar, sem og þeir fyrirvarar sem Y frá upphafi gerði að verð hurðarinnar miðaðist við þróun gengis krónunnar, hefði húsfélagið þurft að semja sérstaklega um það við Y að greiðslan, kr. 105.000, yrði skoðuð sem greiðsla fyrir fjórðung af heildarkaupverði bílskúrshurðarinnar hvert sem það kynni að verða að lokum en ekki einvörðungu sem staðfestingargjald fyrir pöntun. Þar sem ekki liggja fyrir skýrir samningar um þetta álitur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu álitsbeiðanda. Þessi niðurstaða leiðir og til þess að krafa álitsbeiðanda er varðar riftun kaupanna verður ekki tekin til greina.

VII

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, A, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Sérálit Hildigunnar Hafsteinsdóttur

Ég er ósammála niðurstöðu meirihluta nefndarmanna.

Ég tel að líta verði til þess að seljandi semur, og setur fram, skilmála í kaupum sem þessum og stendur honum því nær að gera skilmála þannig úr garði að ekki skapist vafi um merkingu þeirra. Rísi vafi um skilmála beri einnig að túlka þá þeim í hag er ekki kom að samningu þeirra, og einnig með hliðsjón af því hvor er sterkari aðilinn við samningsgerðina.

Í því máli sem hér er til skoðunar fer því fjarri að skilmálar hvað varðar breytingar á staðfestingargjaldi með tilliti til gengisþróunar séu skýrir, svo sem þeir þyrftu þó að vera þar sem ekki er að finna í lögum neinar reglur um slíkar breytingar þegar um er að ræða kaup á lausafé.

Hið eina sem kemur fram um greiðslu og upphæð staðfestingargjalds, eins og það var kynnt fyrir kaupanda, er að finna í tölvupósti frá starfsmanni Y. Þar segir í tölvupósti dags. 9. júní 2009: „Áður en við pöntum hurðina þurfum við að fá 25% staðfestingargjald frá húsfélaginu.“ Að öðru leyti er ekki að sjá af gögnum málsins með hvaða hætti 25% staðfestingargjald myndi koma til frádráttar við endanlegt uppgjör, en á greiðslukvittun álitsbeiðanda fyrir staðfestingargjaldinu er ekki að finna neina skilmála um staðfestingargjaldið, né í raun skýringar á því fyrir hvað er verið að greiða.

Með tilliti til ofangreindra samskipta tel ég verða að taka undir þann skilning álitsbeiðanda að um 25% staðfestingargjald hafi verið að ræða, sem eigi þá að leiða til 25% frádráttar frá endanlegu kaupverði. Er þá litið til þess að ekki er sýnt fram á að seljanda hafi verið ómögulegt að leggja innborgunina inn á gjaldeyrisreikning eða verja hana með öðrum hætti gegn gengissveiflum (enda ekki sýnt að gjaldeyrishömlur hafi verið til staðar á þeim tíma sem innborgun fór fram), enda hlýtur það að hafa staðið seljanda nær að sjá um skynsamlega ráðstöfun fjáris með tilliti til gengisþróunar. Þá hlýtur að vera óeðlilegt að sá hluti kaupverðs sem þegar hefur verið inntur af hendi, sem í þessu tilviki er auk þess hlutfallstala af verði en ekki krónutala, taki breytingum í samræmi við gengisþróun. Með tilliti til þess, og þess að gengi krónunnar hefur farið lækkanði frá því um miðjan mars 2008, eða löngu áður en kaupin áttu sér stað, verður að telja óeðlilegt að kaupandi beri einn áhættuna af gengismuni á þeim hluta verðsins sem hann hafði þegar greitt.

Tel ég að seljandi hefði, sem sterkari samningsaðilinn, getað hagað samningsgerð á þann hátt að ljóst væri með hvaða hætti staðfestingargjald tæki breytingum í samræmi við gengisþróun og að hvaða leyti það kæmi til frádráttar. Hefði og verið fullt tilefni til að huga slíku þar eð gengisþróun hafði verið innflutningi afar óhagstæð um langt skeið. Einnig tel ég ekki sýnt að aðstæður á gjaldeyrismarkaði hafi, þegar í septembermánuði 2008, verið með þeim hætti að ómögulegt hafi verið að tryggja féð fyrir gengissveiflum.

Að öllu þessu virtu tel ég að líta eigi á innborgun álitsbeiðanda að upphæð 105.000 kr. sem 25% greiðslu af endanlegu heildarverði.

Eru þá ekki efni til að taka sérstaklega til skoðunar kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

